

Guðni Björnsson
forvarnahlittri FRÆ

Byrjunaraldur fíkniefnaneyslu:

Endurspeglar samfélagið

Samkvæmt áfengislögum má ekki selja, veita eða afhenda fólki undir 20 ára áfengi. Því má segja að áfengisneysla meðal unglinga sé afbrotahegðun þar sem lagaramminn setur þau viðmið að fólk yngra en 20 ára hafi ekki aðgang að áfengi. En þrátt fyrir að margir unglingar hefji áfengisneyslu í grunnskóla hefur viðhorf fólks til unglíngadrykkju verið í þeim anda sem áfengislögin styðja. Samkvæmt könnun IMG Gallup frá 2001 segjast 90% aðspurðra líta það alvarlegum augum þegar 15 ára ungumenni eru ölvuð.

Eitt meginmarkið forvarna gegn reykingum er að koma í veg fyrir að unglingar reyki fyrstu sígarettuna. Erlendar rannsóknir benda til að níu af hverjum tíu fullorðnum reykingamönnum byrji að reykja fyrir átján ára aldur. Enn fremur hefur verið sýnt fram á að heilsutjón af völdum reykinga á fullorðinsárum eykst eftir því sem ein-staklingar byrja fyrr að reykja. Því er mikilvægt að fylgjast grannt með því á hvaða aldursári börn og unglingar byrja að reykja. Rannsóknir sýna einnig að því fyrr sem unglingar hefja áfengisneyslu því líklegra er að þeir eigi við alvarleg drykkjuvandamál að stríða síðar á ævinni. Mikilvægi þess að seinka upphafi áfengisneyslu meðal unglinga er því ótvírætt. Á undanförmum árum hefur forvarnastarf á Íslandi því beinst sérstaklega að því að draga úr tóbaks- og áfengisneyslu meðal yngri aldurshópa.

Áhættutíminn

Kannanir sýna að byrjunaraldur áfengisneyslu hefur farið lækkandi undanfarin misseri en í 10. bekk grunnskóla hafa um 53% aðspurðra orðið drukkin a.m.k. einu sinni á ævinni (Rannsóknir og greining 2005). Þegar sami hópur var spurður um áfengisneyslu ári síðar, eða í framhaldsskóla, sögðust 66% hafa



LÖSVAÐ ODD STEFÁN

Ef samfélagið í heild, fjölskyldan og aðrir hópar sem unglíngarnir tilheyra líta á áfengisneyslu unglinga sem eðlilega og sjálfsagða hegðun þá má reikna með að unglíngar fylgi þeirri braut

orðið drukkin a.m.k. einu sinni á ævinni. Þessar rannsókn og fleiri sýna að sumarið á milli skólástiga grunn- og framhaldsskóla er sérstakur áhættutími hvað varðar byrjun á neyslu áfengis og tóbaks.

Mikilvægi forvarna

Áfengisneysla unglinga tengist margvíslegum vandamálum á borð við sly, ofbeldi, kynsjúkdóma og námserfiðleika. Jafnframt tengist hún slæmum tengslum við fjölskyldu og spáir fyrir um áfengisvanda síðar á lífsleiðinni. Þessar

staðreyndir gefa tóninn um uppbyggingu forvarna og hvernig vinna þarf í forvarnastarfi með heildarmynd hvers einstaklings og þá áhrifaþætti, umfram aðra, sem hvetja/letja til neyslu vímuefna. Margar rannsóknir sýna hverjir þessir áhrifaþættir eru og hafa forspárgildi um neyslu og/eða neyslumynstur vímuefna síðar á ævinni.

Einstaklingur sem er í sterkum tengslum við samfélagið í heild og þá einstöku hópa sem hann tilheyrir, s.s. fjölskylduna, vini og fyrirmyndir, verður að teljast ólíklegri til að víkja út af viðurkenndum gildum sem ríkja í samfélaginu eða innan þess hóps sem hann tilheyrir. Sterk tengsl við þá grundvallarhópa samfélagsins gerir það að verkum að hið félagslega taumhald verður mjög virkt. Ef samfélagið gerir ráð fyrir að unglíngar drekki ekki áfengi eru þeir unglíngar sem eru vel tengdir ólíklegri til að drekka. Ef samfélagið í heild, fjölskyldan og aðrir hópar sem unglíngarnir tilheyra líta á áfengisneyslu unglinga sem eðlilega og sjálfsagða hegðun þá má reikna með að unglíngar fylgi þeirri braut. □